

**Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**  
**4. fundur 2023 (117. fundur)**  
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 05.06.2023 kl. 08:30 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

|                           |                           |
|---------------------------|---------------------------|
| Guðmundur Björnsson       | formaður skipulagsnefndar |
| Einar Jón Pálsson         | skipulagsnefnd            |
| Guðlaugur H. Sigurjónsson | "                         |
| Steinþór Einarsson        | "                         |
| Gísli Pálsson             | "                         |
| Eiríkur Bjarnason         | ritari skipulagsnefndar   |
| Björn Ingi Edvardsson     | skipulagsfulltrúi         |

**1. Landside Masterplan**

Skipulagsfulltrúi kynnti í forföllum Gísla Guðmundssonar, Þróunardeild Isavia, fyrirhugaðar framkvæmdir hjá Isavia, Landside, sem komnar eru á áætlun, hönnun og eru í undirbúningi fyrir framkvæmd.

**2. Framkvæmdaleyfi fyrir nýja settjörn, SFA-16**

Lagðar voru fram umsagnir Minjastofnunar Íslands, dags. 2. júní 2023, og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, dags. 17. maí 2023, vegna grenndarkynningar framkvæmdaleyfis fyrir nýja settjörn á svæði SFA-16, sem fram fór í maí 2023.

Framangreinar stofnanir gera ekki athugasemdir við veitingu framkvæmdaleyfisins að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti framkvæmdaleyfið og fól skipulagsfulltrúa útgáfu þess.

**3. Stöðuleyfi fyrir gám á lóðinni Fálkavöllur 1**

Flugfélagið Play sækir um stöðuleyfi fyrir gám á lóðinni Fálkavöllur 1.

Skipulagsnefndin samþykkti stöðuleyfið.

**4. Háaleitishlað. Deiliskipulagsbreyting**

Lögð var fram tillaga skipulagsfulltrúa um að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Háaleitishlaðs í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í eftirfarandi atriðum:

- Deiliskipulagssvæðið hefur verið stækkað vegna færslu á Þjóðbraut og fyrirhugaðrar stækkunar á lóð Verne
- Öryggissvæði hefur verið stækkað

- Lóð 23 hefur verið felld niður og sameinuð lóð 25
- Staðsetning settjarnar hefur verið skilgreind í deiliskipulagi
- Lóð Grænuvallar 4 hefur verið felld niður og veitt leyfi til að að rífa varðskýli á lóðinni

Auk þessa hafa verið gerðar nokkrar tiltekna leiðréttingar á gildandi deiliskipulagi.

Skipulagsnefndin samþykkti tillögu skipulagsfulltrúa um að auglýsa breytingu á deiliskipulaginu.

#### **5. Tillaga að breytingu deiliskipulags öryggissvæðis**

Utanríkisráðuneytið hefur auglýst í samráðsgátt stjórnvalda tillögu að breytingu deiliskipulags öryggissvæðis. Skipulagsnefndin hefur ekki fengið skipulagstillöguna formlega til umsagnar, en tillagan var kynnt á fundi nefndarinnar og gerir hún ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.

#### **6. Framkvæmdaleyfi vegna stækkunar bílastæðis P3**

Lagt var fram til upplýsingar þegar útgefið framkvæmdaleyfi skipulagsfulltrúa vegna stækkunar á bílastæðum P3, dags. 8. maí 2023.

#### **7. Rafrænar undirskriftir fundargerða skipulagsnefndar**

Skipulagsnefndin samþykkti að taka upp rafrænar undirskriftir fundargerða nefndarinnar að loknum fundum nefndarinnar.

#### **8. Svæðisskipulag Suðurnesja**

Lögð var fram til kynningar sameiginleg ályktun svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins og svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja um vistvænar samgöngur sem samþykkt var á fundi nefndanna þann 12. maí 2003 á Ásbrú.

#### **9. Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 31. júlí 2023.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Ný slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx>